Ársskýrsla 2025

Ársskýrsla þessi er unnin fyrir mennta- og barnamálaráðuneytið (MRN) og er í henni að finna yfirlit yfir hlutverk og markmið Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu, ásamt því helsta sem unnið hefur verið á árinu.

Í lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 segir að hlutverk skóla sé að stuðla að alhliða þroska allra nemenda svo þeir verði sem best undirbúnir til þess að taka virkan þátt í jafnréttis- og lýðræðissamfélagi. Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu vinnur að því að efla frumkvæði, þrautseigju og víðsýni nemenda sinna. Nemendur þjálfast í sjálfstæðum vinnubrögðum og að taka ábyrgð á eigin námi og lífi. Jafnframt er leitast við að þroska menningarlæsi og gagnrýna hugsun nemenda, auka söguskilning og alla bóklega getu. Einnig er lögð áhersla á hæfni til að vera góður félagi, setja sig í spor annarra og taka þátt í félagslífi og öðrum viðburðum á vegum skólans.

Eitt af aðalmarkmiðum skólans er að þjóna nærumhverfi sínu, en skólinn er staðsettur á Höfn í Hornafirði. Hér í sveitinni verða samfélagsbreytingar hliðstæðar þeim sem verða annars staðar í heiminum, samsetning nemendahópsins er sífellt að breytast og þarfir samfélagsins einnig. Stjórnendur, kennarar og aðrir starfsmenn leggja sitt af mörkum til að fylgja breyttum tíðaranda og þörfum samfélagsins.

Námsframboð

Eftirtaldar brautir voru í boði við skólann 2025: Hug- og félagsvísindabraut, kjörnámsbraut, náttúru- og raunvísindabraut, framhaldsskólabraut og starfsbraut. Allar stúdentsbrautir hafa sameiginlegan kjarna. Á kjörnámsbraut til stúdentsprófs geta nemendur í samráði við umsjónarkennara valið sér sérhæfingu og áherslur.

Nemendaþjónusta

Nemendaþjónusta skólans er regnhlífaheiti yfir hvers konar þjónustu við nemendur. FAS leitast við að veita nemendum skólans fjölbreytta þjónustu við hæfi hvers og eins. Markmið með þjónustunni er að vinna að farsæld og heill nemenda skólans og að tryggja jöfn tækifæri til náms fyrir öll. Í nemendaþjónustuteymi sitja náms- og starfsráðgjafi, áfangastjóri, umsjónarmaður starfsbrautar og umsjónarkennari framhaldsskólabrautar. Náms- og starfsráðgjafi er einnig tengiliður farsældar og hefur það hlutverk að meta þjónustuþörf og kynna samþættingu fyrir foreldrum og nemendum. Hann skipuleggur og fylgir eftir þjónustu á fyrsta stigi og tekur þátt í vinnu stuðningsteymis farsældar eftir því sem við á. Þessi þjónusta hefur verið í mikilli uppbyggingu á þessu ári og mun sú uppbygging halda áfram.

Starfsbraut

Á síðustu misserum hefur eftirspurn eftir námi á starfsbraut skólans aukist. Í kjölfar þess var brautin endurskoðuð og þróuð með það að markmiði að mæta betur þörfum nemenda og tryggja að námið sé í takt við áherslur og væntingar samfélagsins. Fyrir

nokkrum misserum var ráðinn umsjónarmaður starfsbrautar sem hefur það hlutverk að halda utan um brautina og nám nemenda sem á henni eru. Að auki situr hann í stuðningsteymum farsældar þegar við á. Markmið starfsbrautar er að veita nemendum einstaklingsmiðaða almenna menntun þar sem áhersla er á að auka sjálfstraust, sjálfstæði og félagslega virkni nemenda. Allir áfangar á starfsbraut eru á 1. hæfniþrepi, 135 einingar eru í kjarna og 105 í óbundnu vali. Nemendur á starfsbraut hafa tækifæri til að taka áfanga af öðrum hæfniþrepum og námsbrautum ef þeir hafa áhuga og/eða hæfni til þess. Áætlað er að nemendur ljúki brautinni á þremur til fjórum árum.

Félagsstarf nemenda

Nemendafélag skólans er NEMFAS, Nemendafélag Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu. Aðalfundir eru haldnir að vori og þá er kosin ný stjórn. Á vorönn 2025 var 141 nemandi skráður í skólann og á haustönn voru þeir 148.

Í Framhaldsskólanum í Austur- Skaftafellssýslu er félagsstarf metið til eininga, eina, tvær eða þrjár á önn, eftir eðli starfsins. Ein eining fæst fyrir að vera meðlimur í klúbbi, en starf nemendafélagsins er byggt upp af stjórn, klúbbum og formönnum klúbba. Tvær einingar fást fyrir það að vera formaður í klúbbi og þrjár fyrir að vera í stjórn nemendafélagsins. Stjórn nemendafélagsins og formenn klúbba funda einu sinni í viku. Klúbbarnir hafa þær skyldur að funda einu sinni í viku og standa fyrir minnst einum félagslegum viðburði á önninni. Félagið heldur utan um félagslíf nemenda og samstarf við Samband íslenskra framhaldsskóla (SÍF), en SÍF-fulltrúi er einnig kosinn á aðalfundi félagsins og situr hann í stjórn NEMFAS.

Á haustönn 2025 voru Austfirsku ólympíuleikarnir haldinir. Þeir eru skemmtileg íþrótta- og keppnishátíð milli framhaldsskóla á Austurlandi og á Suðausturlandi, þar sem þátttakendur koma frá Menntaskólanum á Egilsstöðum (ME), Verkmenntaskóla Austurlands (VA), og Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu (FAS). Tilgangur leikanna er að efla samstarf, gleði og keppnisanda milli nemenda á svæðinu. Tókust leikarnir vel og segja má að í þeim hafi allir komist til nokkurs þroska.

Sjálfsmat

Sjálfsmat er hluti af lögbundinni starfsemi skólans. Þar sem þessi skýrsla nær yfir almanaksárið er hluti skýrslunnar óunninn þegar þetta er skrifað. Á skólaárinu 2024-2025 var matið unnið af Herdísi Waage í samvinnu við sjálfsmatsteymi sem í sitja skólameistari og áfangastjóri. Tilgangur sjálfsmats er að stuðla að framgangi settra markmiða, endurskoða þau og stuðla þannig að umbótum og auknum gæðum í skólastarfinu.

Samvinna við aðra:

Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu starfar við óvenjulegar aðstæður þar sem starfssvæði hans er um 250 km enda á milli og þar búa ekki nema um 2400 manns. Í nærri 40 ára sögu skólans hefur því oft þurft að leita annarra leiða en þeirra sem notaðar eru þar sem fólk er fleira á minna svæði.

Innlent samstarf

Á árinu 2025 hefur verið unnið að eflingu iðn- og verknáms við skólann. Haustið 2026 er stefnt að því að kennsla hefjist í grunndeild húsasmíða við skólann. Námið fer fram í samvinnu við Verkmenntaskóla Austurlands á grunni svokallaðs Samlands, sem er samstarfsvettvangur framhaldsskóla á landsbyggðinni.

Svokölluð vöktunarverkefni hafa lengi verið einkennandi fyrir FAS. Þá er farið með nemendur út fyrir skólastofuna til að vinna á vettvangi að ýmsum verkefnum sem tengjast náttúrufarsrannsóknum. Þar ber fyrst að telja verkefni tengd jöklum og jöklamælingum en nemendur skólans hafa fylgst með jöklum nánast frá því að skólinn hóf göngu sína. Lengst af voru framkvæmdar svokallaðar sporðamælingar þar sem tilgangurinn var að reikna út hvort skriðjöklar væru að ganga fram eða hopa. Langoftast hefur verið farið að Heinabergsjökli í þessum tilgangi. Eftir mælingar út frá ákveðnum punktum á landi var þríhyrningamælingum beitt til að reikna út stöðu jökulsins hverju sinni. Vegna örrar bráðnunar jökla hefur þurft að breyta verkferlum í þessu verkefni. Nú er ekki lengur talað um jöklamælingaferð heldur jöklaskoðunarferð þar sem fyrst og fremst er verið að skoða hvernig jökull mótar landið og grefur farvegi. Þótt vinnulag á vettvangi hafi breyst, þurfa nemendur að skila skýrslu eftir ferðina þar sem hefðbundnum ferlum skýrslugerðar er fylgt.

Frá árinu 2009 hefur verið farið með hóp nemenda á Skeiðarársand til að mæla og meta gróðurframvindu á svæðinu. Fimm 25 m^2 reitir eru á sandinum sem nemendur vitja árlega og skoða og meta gróðurframvindu. Birki- og víðiplöntur innan reitanna eru taldar, mældar og metnar auk þess sem horft er eftir ummerkjum eftir sauðfé og ágang skordýra. Eftir ferðina vinna nemendur skýrslu.

Báðar þessar ferðir tengjast áfanganum INGA1NR05, inngangi að náttúruvísindum, sem alltaf er kenndur á haustönn og allir nemendur á stúdentsbrautum þurfa að taka. Samstarfsaðili í þessum verkefnum er Náttúrustofa Suðausturlands og koma aðilar í frá henni í ferðirnar og miðla gjarnan sinni sérþekkingu.

Áfanginn AUUM2AU05 er áfangi í umhverfis- og auðlindafræði og er alltaf kenndur á vorönn í FAS. Þann áfanga þurfa allir nemendur á stúdentsbrautum að taka. Tvö

vöktunarverkefni eru tengd þessum áfanga sem bæði snúast um fugla og þar er samstarfsaðilinn Fuglaathugunarstöð Suðausturlands. Annars vegar er farið reglulega í Ósland og fuglar taldir á ákveðnu svæði. Hins vegar er farið í kringum vorjafndægur til að telja álftir á Lónsfirði. Eftir þá ferð þurfa nemendur að skrifa skýrslu og vinna samantekt um álft og lífshætti hennar. Niðurstöður fuglatalninga eru sendar til Náttúrufræðistofnunar og nýtast í gagnasöfn þar. Í þessum ferðum er margt annað gert en að telja fugla. Hugað er að veðri, skilyrðum til talninga, sjávarföllum og horft eftir mengun og mengunarvöldum.

Öll þessi verkefni eru mikilvægur þáttur í starfi skólans. Nemendum gefst tækifæri til að skoða ákveðin viðfangsefni í návígi og kynnast starfi vísindamanna sem miðla af sinni sérþekkingu. Auk þess kynnast nemendur ýmsum rannsóknaraðferðum og læra að skrá og skoða mælingar á vísindalegan hátt. Og síðast en ekki síst læra nemendur að koma niðurstöðum á framfæri á skipulegan hátt með skýrsluskrifum.

Erlent samstarf

FAS hefur lengi tekið þátt í erlendu samstarfi. Þar hafa nemendaskiptaverkefni og menntaverkefni verið algengust og fjöldi nemenda á minningar tengdar slíkum verkefnum.

Sumarið 2025 barst ósk frá kennara í Gymnasium Beverungen í Þýskalandi um endurnýjað samstarf. Fyrir nokkrum árum kom nemandi frá þessum skóla í skiptinám í FAS og hér eina önn. Skólinn er með Erasmus+ aðild, sem auðveldar gagnkvæmar heimsóknir með nemendur. Ákveðið var að fara í samstarf með skólanum á skólaárinu 2025–2026 í nemendaskiptaverkefni. Þema samstarfsins var sjálfbærni í ferðaþjónustu og unnu nemendur nokkur verkefni því tengd.

Þegar kom að því að skipuleggja heimsóknir varð það úr að báðar heimsóknirnar féllu á vorönn 2026. Um miðjan mars komu 13 nemendur þýska skólans ásamt kennara í vikuferð til Íslands. Heimsóknin féll inn í opna daga í FAS og tóku gestirnir þátt í dagskrá þar og fóru á árshátíð skólans. Einnig var farið í heimsóknir tengdar þema verkefnisins. Heimsóknin var svo endurgoldin um miðjan maí en þá fóru sjö nemendur frá FAS ásamt tveimur kennurum til Beverungen. Báðar heimsóknirnar gengu ljómandi vel og þátttakendur sáu og upplifðu margt nýtt.

Yfirlit um afkomu ársins 2025

	Skýr	2025	2024
Tekjur			
Aðrar ríkistekjur	2	7.755.000	10.459.000
Tekjufærsla fjárveitinga	3	390.710.935	360.379.909
Sala á vöru og þjónustu	4	3.939.485	3.655.999
Framlög, gjafir og aðrar tekjur	5	3.654.339	10.425.772
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	3	7.608.427	8.045.182
Tekjur samtals		413.668.186	392.965.862
Gjöld			
Tilfærslur	6	149.276	17.000
Laun og launatengd gjöld	7	320.076.822	349.863.560
Annar rekstrarkostnaður	8	54.743.647	65.144.634
Afskriftir og niðurfærslur	9	7.608.427	8.045.182
Gjöld samtals		382.578.172	423.070.376
Afkoma fyrir fjármagnsliði		31.090.014	(30.104.514)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Fjármunatekjur		7.051	8.973
Fjármagnsgjöld		(44.850)	(51.580)
	10	(37.799)	(42.607)
Afkoma ársins		31.052.215	(30.147.121)
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur		31.201.491	(41.335.121)
Rekstrartilfærslur		(149.276)	11.188.000
		31.052.215	(30.147.121)

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

	Skýr	31.12.2025	31.12.2024
Eignir			
Handbært fé	11	1.270.210	3.289.236
Skammtímakröfur	12	81.562	120.593
Varanlegir rekstrarfjármunir	14	17.970.058	20.725.264
Eignir samtals		19.321.830	24.135.093
Skuldir			
Aðrar skuldir	15	60.385.353	38.686.435
Tengdir aðilar	13	45.516.908	101.412.877
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda		7.086.533	8.754.960
Skuldir samtals		112.988.794	148.854.272
Eignir samtals að frádregnum skuldum samtals		(93.666.964)	(124.719.179)
Eigið fé			
Hrein eign		(93.666.964)	(124.719.179)
Eigið fé samtals	16	(93.666.964)	(124.719.179)
Eigið fé og skuldir samtals		19.321.830	24.135.093

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.